



BLATT ÁFRAM!

Láttu að þér kveða

Leiðarvísir fyrir foreldra þegar velja á stofnanir, félög og námskeið fyrir börn.



BLATT ÁFRAM!

Þessi leiðarvísir er fyrir foreldra sem vilja koma í veg fyrir kynferðislegt ofbeldi á börnum á stofnunum, í félögum og á námskeiðum sem þjóna börnum þeirra.



BLATT ÁFRAM!

Honum er ætlað að efla samvinnu foreldra og stofnana/félaga við að vernda börn.



BLATT ÁFRAM!

Leiðarvísirinn sýnir ykkur fram á hvers þið eruð megnug og hvaða ábyrgð þið berið á að vernda börn gegn kynferðislegu ofbeldi.

Hann veitir ykkur skilning á barnaverndarreglum hjá stofnunum og félögum fyrir börn og bendir á leiðir til að bæta þær.



BLATT ÁFRAM!

Tilgangur leiðarvísisins

Þið öðlist skilning á mikilvægi:

- Mats
- Eftirlits
- Umsjónar með samskiptum eldri og yngri barna til að koma í veg fyrir kynferðislegt ofbeldi
 - Tilkynningaferlis



BLATT ÁFRAM!

Að nota leiðarvísinn

- Leiðarvísirinn á við skóla, leikskóla, frístundaheimili, sumarbúðir, íþróttafélög, trúfélög, klúbba og öll félög sem þjóna börnum.

-Hægt er að laga spurningar og umræður að hverju ákveðnu félagi.



BLATT ÁFRAM!

Að nota leiðarvísinn

Í leiðarvísinum er notast við eftirfarandi ták og fyrirsagnir:

Rauður fán 

Ljósapera 

Gagnlegar tölfræðiupplýsingar

„Að taka afstöðu“ glærur

„Dæmi um spurningar“ glærur



BLATT ÁFRAM!

Að nota leiðarvísinn

Rauðir fánar: 

- Standa fyrir röksemdafærslu sumra yfirmanna stofnana og félaga sem vinnur gegn því að vernda börn gegn kynferðislegu ofbeldi.
- Benda á starfshætti stofnana og félaga sem geta aukið hættu á að kynferðislegt ofbeldi eigi sér stað.
- Gefa til kynna að félagið þarf á hugmyndum þínum og þekkingu að halda.

Rauðir fánar eru ekki ástæða til að áfella neinn.
Þeir eru ástæða til að láta að sér kveða.



BLATT ÁFRAM!

Að nota leiðarvísinn

Ljósaperur: 

- Standa fyrir hugmyndir og tillögur.
- Gefa upplýsingar og tillögur til að leggja á minnið.



BLATT ÁFRAM!

Að nota leiðarvísinn

Tölfræði:

- Stendur fyrir gagnlegar staðreyndir sem má nota til að fræða stofnanir og félög um kynferðislegt ofbeldi á börnum.



BLATT ÁFRAM!

Að nota leiðarvísinn

„Að taka afstöðu“ glærur

Benda á gagnleg viðhorf sem má tileinka sér um forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi þegar talað er við hópa.



BLATT ÁFRAM!

Að nota leiðarvísinn

„Dæmi um spurningar“ glærur

Gefa hugmyndir um nákvæmar spurningar til að bera fram þegar velja á stofnanir, félög eða þjónustu fyrir börnin ykkar.

Leggja áherslu á ákveðin málefni þar sem stofnanir og félög gætu þurft á hugmyndum ykkar og þekkingu að halda.



BLATT ÁFRAM!

Að taka afstöðu

Forvarnir

Það krefst fyrirbyggjandi aðgerða að koma í veg fyrir kynferðislegt ofbeldi á börnum.

Forvarnir felast í því að leggja réttu spurningarnar fyrir af áræðni og veita upplýsingar sem hjálpa stofnunum og félögum að þróa barnaverndaráætlun.



BLATT ÁFRAM!

Að taka afstöðu

Að fylgja eftir

Það er nauðsynlegt að þið fylgið málunum eftir ef koma á í veg fyrir kynferðislegt ofbeldi á börnum.

Að fylgja málunum eftir er fólgið í því að athuga hvort farið hefur verið að tillögum ykkar.

Í því felst líka að vera sýnileg og taka þátt í því að vernda börnin *til langframa*.



BLATT ÁFRAM!

Að taka afstöðu

Samvinna

Ef koma á í veg fyrir kynferðislegt ofbeldi á börnum er þörf á að foreldrar og stofnanir/félög vinni saman að því að tryggja öryggi barna.

Það er aðeins nýlega orðið fólki ljóst hversu algengt kynferðislegt ofbeldi á börnum er og við hvaða aðstæður það kann að eiga sér stað. Foreldrar og starfsfólk stofnana og félaga verða að taka höndum saman, sýna hugvitsemi og gæta barnanna til að koma í veg fyrir það.



BLATT ÁFRAM!

Að taka afstöðu

Ásetningur

Það krefst einlægs ásetnings að koma í veg fyrir kynferðislegt ofbeldi á börnum.

Ásetningur er það að einsetja sér að bera fram spurningar og krefjast verndar jafnvel þegar það er óþægilegt.

Hann felst í því að tala fyrir öryggi barna vegna þess að það skiptir máli fyrir lífstíð



BLATT ÁFRAM!

Mat á starfsfólki og sjálfboðaliðum



BLATT ÁFRAM!

Mat

Mat er ferli sem felur í sér að meta hæfni og forsögu sjálfboðaliða og starfsfólks *áður* en það er ráðið.



BLATT ÁFRAM!

Mat

Stofnanir og félög ættu að velja hæfasta starfsfólkið og sjálfboðaliðana til að kenna börnum og gæta þeirra.

Stofnanir og félög sem vinna ötullega að því að vernda börn gegn kynferðislegu ofbeldi:

Fara fram á að umsækjendur sendi inn skriflega umsókn og senda þeim til þess eyðublað sem inniheldur:



skýra yfirlýsingu um hlutverk og stefnu félagsins.

spurningar um reynslu umsækjandans af vinnu með börnum.



BLATT ÁFRAM!

Mat (frh.)

Atvinnuviðtalið ætti að snúast um samskipti fullorðinna og barna, skipulagningu hópvinnu, það að aga börn og hugmyndir um sambönd.



Leggið fyrir spurningar um skilning umsækjandans á því hvar eru hæfileg mörk við líkamlega snertingu á milli fullorðinna og barna.

Upplýsið umsækjandann um að skýr stefna um að vernda börn gegn kynferðislegu ofbeldi sé til staðar og að henni sé framfylgt.

Að tala skýrt og opinskátt um stefnu og reglur til verndar börnum á þátt í að koma í veg fyrir kynferðislegt ofbeldi.



BLATT ÁFRAM!

Mat (frh.)

Biðja um og athuga persónuleg og fagleg meðmæli.



Þeirra á meðal ættu að vera meðmæli frá öðrum en ættingjum og vinum.

Skoða sakaskrá allra sem vinna innan um börn.

Ekki reiða ykkur **eingöngu** á skoðun sakaskrár við mat. Aðeins lítið hlutfall gerenda hlýtur dóm.

darkness to light



BLATT ÁFRAM!

Mat (frh)

Það er ekki alltaf auðvelt eða þægilegt verk að vernda börn. Yfirmenn stofnana og félaga staðhæfa stundum:



Starfsfólkið hefur unnið þar árum saman; yfirmennirnir þekkja það vel og treysta því.



Brotamenn sækja í aðstæður þar sem þeir hafa greiðan aðgang að börnum og þar sem þeir vita að þeim er tekið efasemdalaust.



Félagið hefur ekki tíma eða peninga til að meta, þjálfa og hafa eftirlit.



Gildi barnaverndar er mun meira en kostnaðurinn við hana.



Félagið hefur mikla þörf fyrir sjálfboðaliða og hefur ekki efni á að hafna neinum.



„Ég vil alls ekki að nokkur fullorðinn sem ekki hefur verið metinn á fullnægjandi hátt gæti barnsins míns.“



BLATT ÁFRAM!

Dæmi um spurningar

Hvernig velur stofnunin eða félagið starfsfólk og sjálfboðaliða?

Er beðið um skriflega umsókn?

Fara allir umsækjendur og sjálfboðaliðar í viðtal?

Eru umsækjendur upplýstir um stefnu ykkar í forvörnum gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum?

Er farið yfir persónuleg og fagleg meðmæli.

Er sakaskrá skoðuð?



BLATT ÁFRAM!

Eftirlit með starfsfólki og sjálboðaliðum



BLATT ÁFRAM!

Eftirlit

Eftirlit er *viðvarandi ferli* sem felst í fræðslu starfsfólks og sjálfboðaliða um hvernig má vernda börn gegn kynferðislegu ofbeldi *eftir að það hefur verið ráðið.*

Í því felst líka að fylgjast með starfsfólki og sjálfboðaliðum til að tryggja að öll samskipti við börn séu í samræmi við barnaverndarstefnu.



BLATT ÁFRAM!

Eftirlit

Stofnanir og félög sem vinna ötullega að því að vernda börn gegn kynferðislegu ofbeldi:

Hafa skýrar reglur um samskipti fullorðins og barns í einrúmi.

80% kynferðislegs ofbeldis á börnum á sér stað við aðstæður þar sem barn er eitt með einum fullorðnum.

Tryggja að það séu ávallt að minnsta kosti tveir fullorðnir viðstaddir.



Það tryggir að allir fullorðnir sem vinna með börnum séu ábyrgir gerða sinna.



BLATT ÁFRAM!

Eftirlit (frh.)

Geta fylgst með og truflað þegar fullorðinn er einn með barni. Samskipti fullorðins og barns sem eru ein saman ættu alltaf að fara fram á opnu svæði.



Leitið að félögum sem eru með glugga á öllum dyrum húsnæðisins (þar með talið á skápum) og opin svæði til samskipta. Gangið um húsnæðið til þess að skoða það og spyrjið um svæði sem eru einangruð og óörugg.



BLATT ÁFRAM!

Eftirlit (frh.)

Eru með reglur og þjálfun í aðstoð við klósettferðir og bleiuskipti, ökuferðir með börn og ferðir þar sem gist er yfir nótt.



Félög og stofnanir ættu að meta áhættuna við þessar aðstæður og allar þær aðstæður þar sem fullorðinn einstaklingur gæti verið einn með barni. Gera ætti áætlun til verndar börnum við allar aðstæður.



Forðast ætti stofnanir og félög sem hafa ekki metið áhættuna við að fullorðinn einstaklingur og barn séu í einrúmi.



BLATT ÁFRAM!

Eftirlit (frh.)

Bjóða foreldra velkomna hvenær sem er.



Fullvissið ykkur um að ykkur sé velkomið að hitta barnið ykkar hvenær sem er. Hafið fyrir sið að líta óvænt inn.



Forðast ætti stofnanir og félög sem takmarka heimsóknir foreldra við ákveðna tíma eða ákveðin svæði í húsinu.



BLATT ÁFRAM!

Eftirlit (frh.)

Þjálfar starfsfólk og sjálfboðaliðar í að koma í veg fyrir kynferðislegt ofbeldi á börnum, þekkja það og bregðast við því af ábyrgð.



Verndarar barna er mjög gott námskeið til að þjálfar fullorðna í að koma í veg fyrir kynferðislegt ofbeldi á börnum. Það er ítarlegt og uppörvandi.



Námskeiðið bendir á leiðir til að bæta reglur og starfsaðferðir stofnana og félaga til verndar börnum.

darkness to light



BLATT ÁFRAM!

Eftirlit (frh.)

Stundum staðhæfa yfirmenn stofnana og félaga:



Kynferðislegt ofbeldi gæti aldrei átt sér stað hérna.

!! 1 af hverjum 5 stúlkum og einn af hverjum 10 drengjum eru misnotuð kynferðislega fyrir 18 ára afmælið sitt. 50% af ofbeldismönnum og konum er fólk sem barnið þekkir utan fjölskyldunnar.



Að reglur sem takmarka samskipti fullorðins og barns í einrúmi gætu staðið í vegi fyrir jákvæðum samböndum barna og fullorðinna.



Heilbrigð samskipti barns við fullorðinn einstakling eru mikilvæg; en þau þurfa ekki að eiga sér stað á bak við lokaðar dyr. Þau geta fullt eins vel farið fram á opnu svæði eða í herbergi sem hægt er að sjá inn um glugga.



BLATT ÁFRAM!

Dæmi um spurningar

- Þjálfari þið starfsfólk ykkar og sjálfboðaliðana í því að koma í veg fyrir kynferðislegt ofbeldi og bregðast við því ef skaðinn er skeður?
- Hvaða reglur eru til staðar til að koma í veg fyrir kynferðislegt ofbeldi á börnum?
- Hvaða stefnu hafið þið í sambandi við samskipti fullorðins og barns sem eru ein saman?
 - Hvernig tryggjið þið að hægt sé að fylgjast með og trufla öll samskipti á milli fullorðins einstaklings og barns?
 - Hvaða reglur hafið þið yfir aðstoð við klósettferðir og bleiuskipti?
 - Hvaða reglur hafið þið yfir akstur starfsfólks/sjálfboðaliða með börn?
 - Hvaða reglur hafið þið yfir ferðir þar sem gist er yfir nótt?
 - Er foreldrum boðið að fylgjast með börnunum hvenær sem er?
 - Býður félagið starfsfólkinu upp á forvarnarnámskeið eins og Verndarar barna?



BLATT ÁFRAM!

Eftirlit með samskiptum unglunga og barna



BLATT ÁFRAM!

Eftirlit með samskiptum

Fullorðnir þurfa að skapa ramma utan um samskipti barna við eldri/stærri ungmenni og fylgjast með þeim.



BLATT ÁFRAM!

Eftirlit með samskiptum (frh.)

Félög og stofnanir sem vinna ötullega að því að vernda börn gegn kynferðislegu ofbeldi:



Meta unglunga vandlega.

Sams konar mat og á fullorðnum. Sakaskrá er trúnaðarmál svo að ekki er hægt að skoða hana.

2. Fylgjast náið með samskiptum barna og unglunga.

(tölfræði) Að minnsta kosti 40% barna sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi eru misnotuð af eldri eða stærri ungmendum.



Fullorðnir ættu alltaf að vera til staðar.



BLATT ÁFRAM!

Eftirlit með samskiptum (frh)

Meta af ábyrgð hversu gamlir unglingar þurfa að vera til að gæta yngri barna.



Hæfilegur aldur fer eftir því hvers konar félag um er að ræða og hvers konar starfsemi.

Skipuleggja aðskilin svæði og mismunandi viðfangsefni eftir aldri barna.



Góð félög gera ráð fyrir mismunandi hæfileikum og áhugamálum eftir því á hvaða aldri börnin eru.

darkness to light



BLATT ÁFRAM!

Eftirlit með samskiptum (frh.)

Stundum staðhæfa yfirmenn stofnana og félaga:



Að þau hvetji unglunga til að gæta barna og leyfi þeim að vera einir með þeim til þess að kenna þeim að taka ábyrgð.



Að leyfa unglungum að vera einir með börnum setur börnin í aðstöðu sem getur verið hættuleg.



Að leiksvæðið sé beint fyrir utan húsið svo að starfsfólk getur fylgst með út um gluggann.



Það ætti alltaf að vera fullorðinn einstaklingur nálægur til að hafa umsjón með börnunum.



BLATT ÁFRAM!

Dæmi um spurningar

- Hvernig eru eldri ungmenni metin?
- Hvernig er haft eftirlit með eldri ungmönnum þegar þau gæta barna?
- Hver er lágmarksaldur þeirra ungmenna sem fá að gæta barna hjá félaginu?
- Fá unglingar einhvern tíma að vera einir með börnum, sem einu gæslumenn þeirra í félaginu?
- Hvernig er ramminn utan um samskipti barna og unglinga?



BLATT ÁFRAM!

Tilkynningarferli



BLATT ÁFRAM!

Með tilkynningum er átt við það ferli að tilkynna grun um kynferðislegt ofbeldi til ákveðins fólks *innan stofnunar eða félags*.

Einnig er átt við það að tilkynna yfirvöldum og barnaverndarnefndum *utan stofnana og félaga*.





BLATT ÁFRAM!

Að tilkynna

Stofnanir og félög sem vinna ötullega að því að vernda börn gegn kynferðislegu ofbeldi:

Hafa ákveðið skrásett ferli varðandi tilkynningar um grunsamlegt athæfi. Starfsfólk og sjálfboðaliðar ættu að vita hvenær á að tilkynna, hvernig á að tilkynna og hverjum.

 Fullorðnum verður að finnast þeir þess umkomnir að tilkynna grun á meðan á „tælingunni“ stendur – áður en kynferðislegt ofbeldi á sér stað. „Tæling“ er aðferð sem brotamenn nota til að mynda sérstakt samband við barn.

 Starfsfólk og sjálfboðaliðar eru ólíklegri til að tilkynna grun þegar það er engin ákveðin tilkynningastefna innan stofnunarinnar eða félagsins.

darkness to light



BLATT ÁFRAM!

Að tilkynna (frh.)

Fylgja eftir hverri tilkynningu um kynferðislegt ofbeldi. Tryggja að réttmætur grunur sé tilkynntur yfirvöldum.

💡 Stofnanir og félag þurfa tilkynningastefnu sem byggir á valddreifingu. Að minnsta kosti 3 einstaklingar ættu að fá að vita af öllum tilkynningum. Sá sem tilkynnir ætti að fá upplýsingar um hvað er verið að gera fyrir barnið. Það ætti alltaf að senda formlega tilkynningu til yfirvalda í stað þess að vernda stofnunina eða félagið.

🚩 Forðist félag og stofnanir þar sem aðeins er tilkynnt til eins aðila. Forðist stofnanir og félag sem er meira í mun að standa vörð um orðspor sitt en að tilkynna grun.



BLATT ÁFRAM!

Fræða starfsfólk og sjálboðaliða um stefnu félagsins eða stofnunarinnar og reglur.



Starfsfólk og sjálboðaliðar þurfa að skilja stefnu og reglur og fá þjálfun í að framfylgja þeim.




Taka brot á barnaverndarreglum alvarlega.


Velferð barns hefur algeran forgang. Starfsfólki og sjálboðaliðum sem fara ekki að reglum á að veita áminningu eða segja upp.



BLATT ÁFRAM!

Stundum staðhæfa yfirmenn stofnana og félaga:

 Starfsfólk okkar hefur aðgang að handbók um stefnur og ferli og getur lesið hana ef það vill.

 Nýtt starfsfólk/sjálfbóðaliðar ætti að fá ítarlegar útskýringar á hverri stefnu og hverju ferli. Stofnanir og félög ættu líka að hafa áætlun um að endurskoða og rifja þau upp á hverju ári.



BLATT ÁFRAM!

Að tilkynna (frh.)

Stundum staðhæfa yfirmenn stofnana og félaga:



Forstjórinn/framkvæmdastjórinn/skólastjórinn/formaðurinn skoðar allar tilkynningar um grunsamlegt athæfi og ákveður hvort á að tilkynna það til yfirvalda.



Það ættu margir fullorðnir að koma að tilkynningaferlinu til að tryggja að engri tilkynningu sé haldið leyndri.



Stofnanir og félög geta ekki rannsakað mál ofan í kjölinn. Lögregla eða barnaverndarnefndir verða að koma að málinu.



BLATT ÁFRAM!

Dæmi um spurningar

Fá sjálfboðaliðar og starfsfólk fræðslu um að tilkynna grun um kynferðisofbeldi? Hefur það leyfi og vald til þess?

Eru foreldrar látnir vita þegar tilkynnt er um kynferðislegt ofbeldi?

Til hvaða aðgerða er gripið þegar starfsmaður eða sjálfboðaliði er grunaður um að tæla eða beita kynferðislegu ofbeldi?

Til hvaða aðgerða og refsinga er gripið ef starfsmaður eða sjálfboðaliði brýtur gegn fornvarnarreglum um kynferðislegt ofbeldi?



BLATT ÁFRAM!

Samantekt

Í leiðarvísinum hefur verið lýst:

- Mati á starfsfólki og sjálboðaliðum
- Eftirliti með starfsfólki og sjálboðaliðum
- Umsjón og eftirliti á samskiptum yngri barna og eldri/stærri barna og unglinga
 - Tilkynningaferli
- Í honum er hvatt til samvinnu hvenær sem hún er möguleg á milli foreldra og stofnana eða félaga.
- Í honum eru gefin dæmi um spurningar sem leggja má fram þegar þið veljið stofnun, félag eða námskeið fyrir börn ykkar.



BLATT ÁFRAM!

Forvarnir

Að fylgja eftir

Samvinna

Ásetningur...



BLATT ÁFRAM!

Ákall til aðgerða

Sláist í hóp með okkur og verndið börnin!

Saman getum við staðið vörð um einu barnæskuna sem þau eiga.

Takið námskeiðið verndarar barna á netinu eða finnið námskeið í nágrenni við ykkur.

Upplýsingar um næstu námskeið
www.blattafram.is